

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 11. liðar 2. gr. laganna komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur.
12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.

Í stað 17. liðar, sem verður 18. liður sömu lagagreinar, komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

18. Kirkjubæjarklausturumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallahreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.
19. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.